

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 139/2791
komudagur 27.5.2011

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. maí 2011

1105003HA MKH/
Málalykill: 613

Efni: Þingsályktunartillaga um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 534. mál


Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands, sem haldinn var í Keflavík 12. maí 2011, var lagt fram erindi samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. maí 2011, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 534. mál.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt á fundinum:

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvar á landinu starfsemi Landhelgisgæslu Íslands er sett niður, en leggur áherslu á að Landhelgisgæslunni séu ávallt tryggðar nægjanlegar fjárveitingar til þess að standa undir verkefnum hennar sem felast í öryggis- og löggæslu, eftirliti, leit og björgun. Með öflugri starfsemi Landhelgisgæslunnar verður öryggi sjófarenda, fólksins í landinu og verndun auðlinda best tryggð.

Framangreindu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Magnús Karel Hannesson
starfsmaður HÍ